

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. júní 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-2/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á skóm, sem hann keypti í versluninni Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu eða nýrrar afhendingar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 14. janúar sl. gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 28. janúar. Nefndinni bærust hvorki andsvör né frekari gögn.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi keypti skó af seljanda hinn 21. ágúst 2012 fyrir kr. 17.995. Í desember sama ár voru skórnir ónýtir. Sættir álitsbeiðandi sig ekki við að svo dýrir skór hafi jafnskamman endingartíma og raun ber vitni. Seljandi hafi hins vegar haldið því fram að um eðlilega endingu sé að ræða. Fer álitsbeiðandi, sem fyrr greinir, fram á endurgreiðslu eða nýja afhendingu.

IV

Úr gögnum máls

Með álitsbeiðni fylgdi verkbeiðni, dags. 2. janúar sl., frá Z. Í verkbeiðninni greinir að eigandi skónna hafi grennslast fyrir um hvort skóvinnustofan teldi skó, keypta 21. ágúst 2012, gallaða, en svo telur skóvinnustofan ekki vera.

V

Athugun kæruneftndarinnar

Ekki er hægt að greina gerð eða heiti skóna sem álitsbeiðandi keypti. Á hælunum er sólinn mikið slitinn og gat í gegn á báðum skónum. Illeppar fylgdu ekki skónum þegar komið var með þá til skoðunar. Töluvert slit er einnig á hælkömpunum aftanverðum sem og er sólinn eða eru sólarnir? slitinn að framanverðu. Þá hefur sólinn losnað af framanverðum hægri skónum.

VI

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Sem fyrr greinir keypti álitsbeiðandi skó af seljanda hinn 21. ágúst 2012 fyrir kr. 17.990. Að sögn álitsbeiðanda voru skórnir ónýtir í desember sama ár. Kærunefndin fékk skóna síðan afhenta þegar álitsbeiðandi leitaði eftir álitni nefndarinnar hinn 14. janúar sl. Ljóst er að skórnir hafa verið mikið notaðir og eru slitnir. Engir illeppar voru í skónum en þeir hafa varla verið notaðir án þeirra. Kærunefndinni þykir það benda til þess að álitsbeiðandi hafi tekið upprunalega illeppa úr skónum og sett aðra í staðinn sem kann að hafa haft áhrif á endingu skónna þótt ekkert verði um það fullyrt.

Kærunefndin treystir sér hins vegar ekki til að líta svo á að það slit sem er á skónum stafi af því að þeir hafi verið haldnir sérstökum galla, en vel kann að vera að verðið sem greitt var fyrir skóna hafi ekki verið í samræmi við gæðin þótt kærunefndin taki ekki sérstaka afstöðu til þess. Þá fylgir álitsbeiðni verkbeiðni frá skósmið þar sem fram kemur sú skoðun skósmiðsins að skórnir séu ekki haldnir galla. Kærunefndin kannaði afstöðu annars skósmiðs til ástands skónna og var niðurstaða hans samhljóða þeirri afstöðu sem fylgdi álitsbeiðni, þ.e. að skórnir væru ekki haldnir galla.

Niðurstaða kærunefndarinnar er því sú að ekki hafi verið leitt í ljós að skórnir hafi verið haldnir sérstökum galla og því er ekki hægt að fallast á að álitsbeiðandi eigi rétt til úrbóta á hendur seljanda samkvæmt ákvæðum neytendakaupalaga.

VII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir